# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

**Nr. 149 96. ár** **Föstudaginn 14. nóvember 2003**

## BREYTTUR 5000 KRÓNA PENINGASEÐILL

*Á grundvelli laga um Seðlabanka Íslands nr. 36 frá 22. maí 2001, sbr. lög um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabanki Íslands gefa út og setja í umferð hinn 17. nóvember n.k. breyttan fimm þúsund króna peningaseðil.*

*Breytingin felst í auknum öryggisþáttum og lítið eitt frábrugðnu útliti. Sjö nýjum öryggisþáttum hefur verið bætt á seðilinn. Myndefni á seðlinum nær nú út á brún á langhliðum hans, en hvít jaðarrönd er felld þar burt.*

*Stærð seðilsins, myndefni og litir er allt óbreytt, sbr. auglýsingu viðskiptaráðuneytisins frá 26. maí 1986. Eldri gerð seðilsins verður áfram lögeyrir, en verður smám saman tekin úr umferð.*







### NÝIR ÖRYGGISÞÆTTIR:

*__Gyllt málmþynna__ er ofarlega á miðri framhlið. Þynnuna er ekki unnt að ljósrita.*

*__Öryggisþráður__ er í gljáandi málmlitbrigðum, 1,2 mm á breidd, til skiptis sjáanlegur eða hulinn á framhlið. Á þræðinum stendur 5000 KR.*

*__Vatnsmerki__ er nú, auk andlitsmyndar af Jóni Sigurðssyni forseta, talan 5000.*

*__Lýsandi reitur.__ Þegar útfjólubláu ljósi er varpað á framhlið seðilsins birtist ofarlega til hægri lýsandi grænn reitur með tölunni 5000.*

*__Smáletur.__ Til hægri á framhlið seðilsins er við efri og neðri brún bylgjudregið smáletur í grunni. Letrið myndar í sífellu orðin SEÐLABANKI ÍSLANDS.*

*__Númer seðilsins__ er prentað í rauðum lit til hægri á framhlið. Undir útfjólubláu ljósi verður letrið gult.*

*__Örletur í tölum__ er þar sem talan 5000 stendur lárétt með skyggðu letri í bláum lit. Á dökkum flötum í tölustöfunum er unnt að greina með stækkunargleri skammstöfunina SÍ, sem birtist þar í sífellu.*

14. nóvember 2003

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

13214)

# Auglýsing

## um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðbraut 17 og breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, Akranesi

Með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðbraut 17 og breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, Akranesi.

*Tillaga að deiliskipulagi fyrir Þjóðbraut 17, Akranesi.*
Deiliskipulagstillagan nær yfir um 8.580 fm lands. Á tillögunni er gert ráð fyrir lóð undir hitaveitutank OR, lóð fyrir íbúðarhús og lóð fyrir íbúðarhús, bílgeymslu og hesthús. Gert er ráð fyrir aðkomu frá núverandi þjóðvegi.

*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, Akranesi.*
Breytingin nær til lóðanna nr. 49 við Esjubraut og nr. 4 við Smiðjuvelli.

Lóðinni nr. 49 við Esjubraut verður skipt og eystri hluti hennar sameinaður lóðinni nr. 4 við Smiðjuvelli. Hús á lóðinni nr. 49 við Esjuvelli verður fjarlægt.

Tillögurnar, ásamt frekari upplýsingum, liggja frammi hjá skipulagsfulltrúa að Dalbraut 8, Akranesi, frá 14. nóvember 2003 til og með 12. desember 2003.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 29. desember 2003 og skulu þær berast á bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 3. hæð.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast samþykkir þeim.

Akranesi, 6. nóvember 2003.
**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,**
skipulagsfulltrúi Akraness.

13152)

# Auglýsing

## um umferð á Djúpavogi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Djúpavogshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Djúpavogi:

1. Biðskylda verði á Markarlandi gagnvar Víkurlandi.
2. Biðskylda verði á Mörk gagnvar Víkurlandi.
3. Biðskylda verði á „bakvegi“ inn í þorpið gagnvart Víkurlandi.
4. Gangbrautarmerkjum verði komið fyrir við Markarland 6, Markarland 11, við Löngubúð og við Borgarland 13.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Eskifirði, 4. nóvember 2003.
**Inger L. Jónsdóttir.**

13159)

# Auglýsing

## um deiliskipulag íbúðarhúsalóðar og bátaskýlis í landi Ánabrekku, Borgarbyggð

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreint deiliskipulag.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 14. nóvember 2003 til 12. desember 2003.

Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofuna fyrir 27. desember 2003 og skulu þær vera skriflegar.

Borgarnesi, 6. nóvember 2003.
**Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.**

13196)

# Nauðungarsölur

## Sauðárkrókur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 18. desember 2003 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Baldurshagi, Hofsósi 13100) | Sólvík ehf. | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 421.806 |
| Freyjugata 50 13101) | Jóhanna Halldórsdóttir og Jón Sigfús Sigurjónsson | Tollstjóraembættið | 12.273.445 |

# Laus embætti

1. Dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu dómstólaráðs, auglýsir laust til umsóknar embætti héraðsdómara. Embættið er veitt frá og með 1. febrúar 2004. Mun dómarinn, fyrst um sinn, ekki eiga fast sæti við tiltekinn héraðsdómstól, sbr. heimild í 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Fyrsta starfsstöð dómarans verður héraðsdómur Reykjavíkur en auk starfa þar verða honum einnig falin verkefni meðal annars við héraðsdóm Suðurlands og héraðsdóm Vesturlands.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, eigi síðar en 1. desember 2003.

2. Dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu dómstólaráðs, auglýsir laust til umsóknar embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur. Embættið er veitt frá og með 1. febrúar 2004.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, eigi síðar en 1. desember 2003.

Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar. Umsóknir þar sem umsækjandi óskar nafnleyndar verða ekki teknar gildar.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
6. nóvember 2003.

(13195

# Stefnur

**Dómstjórinn í héraðsdómi Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., kt. 051052-2349, Hamraborg 10, Kópavogi, að hann þurfi fyrir hönd Elínborgar Þórarinsdóttur, kt. 040754-4669, Lundarbrekku 10, Kópavogi, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi, tryggðu með veði í fasteigninni Lundarbrekku 10, eignarhluta 0301, Kópavogi.

*Fyrirsvar:* Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl. fer með málið fyrir hönd stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð 22.500 kr., útgefið af Þóri Kristjánssyni sem handhafabréf, þann 4. ágúst 1982. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta skuldarinnar, svo og til tryggingar greiðslu alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða og skuldara bæri að greiða að skaðlausu, var skuldareiganda samkvæmt bréfinu sett að veði fasteignin Lundarbrekka 10, íbúð sem er merkt nr. 1 (í dag eignarhluti 0301), Kópavogi, ásamt öllu tilheyrandi. Samkvæmt bréfinu skyldi skuldin greiðast með þremur afborgunum á tólf mánaða fresti í fyrsta skipti þann 1. ágúst 1983. Ársvextir voru 20% frá 1. ágúst 1982 og skyldu þeir greiddir á sömu gjalddögum og afborganirnar.

*Málsástæður og lagarök:* Stefnandi kveður framangreint veðskuldabréf að fullu greitt, en frumrit þess hafi glatast áður en því var aflýst. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi, svo unnt sé að aflýsa því af hinni veðsettu eign.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu.
2. Afrit handhafabréfs.
3. Þinglýsingarvottorð vegna Lundarbrekku 10, 0301, Kópavogi.

4. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1, að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 17. desember 2003, kl. 9.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins. Ella má við því búast að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

20. október 2003.
**Ólöf Pétursdóttir.**

(13149

**Dómstjórinn í héraðsdómi Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur St. Ragnarsson hdl., Hlíðasmára 17, Kópavogi, að hann þurfi fyrir hönd Dags Garðarssonar, kt. 290954-5259, Galtalind 17, Kópavogi, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness gegn handhafa neðangreinds tryggingarbréfs til ógildingar tryggingarbréfinu.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf, útgefið 10. maí 2001 af Degi Garðarssyni, kt. 120954-5259, að fjárhæð kr. 11.175.056, tryggt með 4. veðrétti og uppfærslurétti í eigninni Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi, merkt 02-01.

*Fyrirsvar:* Guðmundur St. Ragnarsson hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Frumrit tryggingarbréfsins hefur glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit en skuldin samkvæmt tryggingarbréfinu er að fullu greidd að sögn stefnanda. Er ljósrit tryggingarbréfsins lagt fram sem dómskjal nr. 3 í máli þessu. Stefnanda er nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo honum verði unnt að neyta réttar síns samkvæmt því.

*Lagarök:* Málið er höfðað skv. heimild í 120. -121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um stefnufrest vísast til 3. tl. 91. gr. sömu laga. Um varnarþing vísast til 2. tl. 120. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá framlagðra skjala.
3. Ljósrit tryggingarbréfs.
4. Veðbókarvottorð.
5. Ljósrit Lögbirtingablaðs þar sem stefnan birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttinda yfir því, að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjaness, dómsal 1, miðvikudaginn 17. desember 2003, kl. 9.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu þar eða ella má búast að gangi útivistardómur í málinu og krafa stefnanda um ógildingu tryggingarbréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 29. október 2003.
**Ólöf Pétursdóttir.**

(13154

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Helgi Jóhannesson hrl., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir hönd P.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Kirkjugata 17 13102) | Sveinn Sveinsson | Vátryggingafélag Íslands hf. | 80.136 |
| Skatastaðir, Akrahreppi 13103) | Guðjón Kristjánsson | Íbúðalánasjóður | 98.186 |
| Stekkjarholt, Sveitarfél. Skagafirði 13104) | Guðjón Kristjánsson | Sýslumaðurinn á Sauðárkróki | 655.272 |
| Vatnsleysa, Sveitarfél. Skagafirði 13105) | Jón K. Friðriksson og Björn Fr. Jónsson | Lánasjóður landbúnaðarins | 1.946.578 |

Sauðárkróki, 30. október 2003.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki,
**Ríkarður Másson**.

# Keflavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, föstudaginn 19. desember 2003 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Akurgerði 11, Vogum 13167) | AIM ehf. | Vatnsleysustrandarhreppur | 26.383 |
| Ásabraut 25, Sandgerði 13168) | Jónatan Jóhann Stefánsson | Ræsir hf. | 627.624 |
| Básvegur 3 13169) | Haraldur Hinriksson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 130.767 |
| Fitjabraut 24, 0103, fnr. 209-3247, Njarðvík 13170) | Brynjar Vilmundarson | Reykjanesbær | 111.506 |
| Fífumói 3e, fnr. 209-3159, Njarðvík 13171) | Sigurður Gíslason | Landsbanki Íslands hf., Keflavíkurflugvelli | 759.968 |
| Grænigarður 6, fnr. 208-7886 13172) | Gísli Þór Þórhallsson og Helga Bylgja Gísladóttir | Íbúðalánasjóður og Reykjanesbær | 343.552 |
| Háteigur 19, fnr. 208-8317 13173) | Magnús Jónsson | Reykjanesbær | 160.431 |
| Háteigur 2d, 0202 13174) | Sigríður Gunnarsdóttir | Lífeyrissjóður Suðurnesja | 82.331 |
| Heiðarból 4, 0301, fnr. 208-8449 13175) | Einar Ragnarsson | Reykjanesbær | 74.821 |
| Hringbraut 60, 0201, fnr. 208-9255 13176) | Sverrir Gunnlaugsson | Reykjanesbær | 73.008 |
| Iðngarðar 6, 010101, Garði 13177) | Ingibjörg Bjarnadóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 90.347 |
| Ingi GK-48, skrnr. 1149 13178) | Hafvör ehf. | Vaki-DNG hf. | 240.523 |
| Kópubraut 14, fnr. 225-1413, Njarðvík 13179) | Halldóra Jóhannsdóttir | Reykjanesbær | 93.437 |
| Maron GK-522, skrnr. 2093 13180) | Grímsnes ehf. | Lífeyrissjóður sjómanna | 738.147 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Norðfjörðsgata 11, (áður Kirkjuvegur 22a), fnr. 208-9643 13181) | Loftur Guðni Kristjánsson og Kristlaug M. Sigurðardóttir | Reykjanesbær | 109.060 |
| Ránarvellir 6, fnr. 209-0252 13182) | Rut Friðfinnsdóttir | Kristján Ingi Þórðarson | 312.079 |
| Sindri GK-505, skrnr. 7361 13183) | Gústaf Adolf Gústafsson | Sparisjóðurinn í Keflavík | 991.356 |
| Sjávargata 30, fnr. 209-4097, Njarðvík 13184) | Jóhannes Ingi Sigurðsson og Hjaltlína Sólberg Pálsdóttir | Reykjanesbær | 66.622 |
| Sólvallagata 40, 0102, bílskúr, fnr. 209-0576 13185) | Vilborg Þorvaldsdóttir og Ólafur Stefán Einarsson | Reykjanesbær | 38.937 |
| Suðurgata 23, Sandgerði 13186) | Eyþór Örn Haraldsson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 50.208 |
| Sunnubraut 7, neðri hæð 13187) | Guðmundur B. Kristinsson | Sparisjóðurinn í Keflavík | 7.528.842 |
| Sunnubraut 7, ris 13188) | Guðmundur B. Kristinsson | Íbúðalánasjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík | 2.762.492 |
| Tjarnargata 31a, fnr. 224-2192 13189) | Magnús Magnússon | Reykjanesbær | 68.813 |
| Vallargata 35, Sandgerði 13190) | Hlíf Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir | Sandgerðisbær | 126.384 |
| Þórustígur 4, efri hæð, fnr. 223-0261, Njarðvík 13191) | Valgerður G. Eyjólfsdóttir | Reykjanesbær og Sparisjóðurinn í Keflavík | 375.157 |

Keflavík, 5. nóvember 2003.
Sýslumaðurinn í Keflavík,
**Jón Eysteinsson.**

Samúelssonar hf., Nýbýlavegi 2-8, Kópavogi, til ógildingar á veðtryggingarbréfi útgefnu 30. nóvember 2000.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðtryggingarbréf sem Ásthildur Halldórsdóttir, kt. 030768-4859 gaf út í Kópavogi þann 30. nóvember 2000, til stefnanda, að fjárhæð 280.000 kr., með veði í bifreiðinni LU-601 Suzuki Swift.

*Málavextir og málsástæður:* Stefnandi kveður skuldir sem tryggingarbréfinu var ætlað að tryggja greiðslu á vera að fullu uppgreiddar en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og eftirgrennslan. Vegna þess hafi ekki verið unnt að afmá það úr veðbókum og sé stefnanda því brýn nauðsyn að fá það ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta því af bifreiðinni.

*Lagarök:* Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

*Sönnunargögn og áskilnaður:* Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:
1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit veðtryggingarbréfs.
4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
5. Veðbandayfirlit.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðtryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 16. desember 2003 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðtryggingarbréfsins og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. október 2003.
**Eggert Ólafsson,**
e.u. dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur.

(13192

**Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Helgi Jóhannesson hrl., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir hönd Jóhanns Bjarna Kjartanssonar, kt. 120176-5529, Hraunbæ 102d, Reykjavík, til ógildingar á veðskuldabréfi útgefnu 10. desember 1999.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf sem hann gaf út í Reykjavík þann 10. desember 1998, til Bílabúðar Benna ehf., kt. 711292-2929, Vagnhöfða 23, Reykjavík, að fjárhæð 300.000 kr., með veði í bifreiðinni TN-130 Daewoo Lanos og sjálfskuldarábyrgð Njáls Skarphéðinssonar, kt. 230460-3109.

*Málavextir og málsástæður:* Stefnandi kveður veðskuldabréfið vera að fullu uppgreitt sbr. dskj. nr. 5 en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og eftirgrennslan. Vegna þess hafi ekki verið unnt að afmá það úr veðbókum og sé stefnanda því brýn nauðsyn að fá það ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta því af bifreiðinni.

*Lagarök:* Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

*Sönnunargögn og áskilnaður:* Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:
1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit veðskuldabréfs.
4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
5. Staðfesting Bílabúðar Benna dagsett 25. september 2003.
6. Veðbandayfirlit.
7. Umboð.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 17. desember 2003 kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Selfossi, 3. nóvember 2003.
**Ingveldur Einarsdóttir,**
dómstjóri héraðsdóms Suðurlands.

(13193

# Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 15. október 2003 (fyrir fyrra búið) og 20. október (fyrir síðara búið), voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Ásþór Guðmundsson, kt. 071161-2269, lögh. Hafnarbraut 24, Höfn í Hornafirði, Dvalarst. Blásölum 22, Kópavogi | 12. júní 2003 | fimmtudaginn 12. febrúar 2004 kl. 9.30 |

(12781 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Vaðhorn ehf., kt. 710300-2080, Hafnargötu 29, Höfn í Hornafirði | 27. ágúst 2003 | fimmtudaginn 12. febrúar 2004 kl. 10.00 |

(12782 a

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum eða telja til eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, pósthólf 168, 101 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að

Ingólfsstræti 3, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Skrár um lýstar kröfur munu liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 24. október 2003.
**Sigurbjörn Þorbergsson** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 20. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Óli Rúnar Ástþórsson, kt. 130157-4679, Miðtúni 11, Selfossi | 26. sept. 2003 | fimmtudaginn 29. janúar 2004 kl. 14.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúinu mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 27. október 2003.
**Ragnheiður Bragadóttir** hdl.,
skiptastjóri.

(12788 a

Með úrskurðum viðkomandi héraðsdóms voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Gjaldþrotaskiptaúrsk.: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Bakverk ehf., kt. 610199-2089, Dugguvogi 21, Reykjavík | Héraðsd. Reykjavíkur 22. okt. 2003 | 15. okt. 2003 | 17. febr. 2004 kl. 14.00 |
| (12790 a | | | |
| Póstflutningar ehf., kt. 680800-2940, Suðurhrauni 3, Garðabæ. | Héraðsd. Reykjaness 28. okt. 2003 | 11. júlí 2003 | 17. febr. 2004 kl. 14.30 |
| (12791 a | | | |
| Sigurjón Pálsson, kt. 240450-2249, Blásölum 24, Kópavogi | Héraðsd. Reykjaness 28. okt. 2003 | 5. ágúst 2003 | 17. febr. 2004 kl. 15.00 |
| (12792 a | | | |
| Guðmundur Þór Norðdahl, kt. 040460-3069, Holtagerði 34, Kópavogi | Héraðsd. Reykjaness 28. okt. 2003 | 20. ágúst 2003 | 17. febr. 2004 kl. 15.30 |
| (12793 a | | | |
| Guðmundur Jónsson, kt. 030340-3529, Þrastarási 75, Hafnarfirði | Héraðsd. Reykjaness 28. okt. 2003 | 3. okt. 2003 | 17. febr. 2004 kl. 16.00 |
| (12794 a | | | |
| Magnús H. Valdimarsson, kt. 161156-3379, Hátröð 5, Kópavogi | Héraðsd. Reykjaness 28. okt. 2003 | 6. okt. 2003 | 17. febr. 2004 kl. 16.30 |
| (12795 a | | | |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipholti 50d, 3. hæð, 105 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50d, 3. hæð Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrár yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú munu liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 29. október 2003.
**Ágúst Sindri Karlsson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 15. október 2003, voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur er tilgreindur við nafn viðkomandi bús hér að neðan.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Metnaður ehf., kt. 521098-2879, Dalbraut 1, Reykjavík | 22. júlí 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 13.15 |
| (12901 a | | |
| Bein kaup ehf., kt. 531294-2039, Ármúla 24, Reykjavík | 22. júlí 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 14.00 |
| (12902 a | | |
| Prentgripir ehf., kt. 681096-2809, Klapparstíg 1a, Reykjavík | 22. júlí 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 14.45 |
| (12903 a | | |
| Ego ehf., kt. 551298-2219, Laugavegi 28, Reykjavík | 22. júlí 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 15.30 |
| (12904 a | | |
| Guðrún Ólöf Jacobsen, kt. 140470-4499, Álftamýri 10, Reykjavík | 15. júlí 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 16.15 |
| (12905 a | | |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum eða eigna í umráðum þeirra að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra á póstfangið LANDSLÖG – lögfræðistofa, b.t. Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl., skiptastjóra, Tryggvagötu 11, Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun eigna þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Tryggvagötu 11, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum kann skiptum að verða lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra eigi síðar en viku fyrir boðaðan skiptafund.

Reykjavík, 26. október 2003.
**Jóhannes Karl Sveinsson** hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 20. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Skipaþjónusta Suðurlands, kt. 460195-3069, Unubakka 10-12, Þorlákshöfn | 1. okt. 2003 | fimmtudaginn 29. janúar 2004 kl. 10.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 30. október 2003.
**Óskar Sigurðsson** hdl.,
skiptastjóri.

(13107 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. október 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Lukkutröll ehf., kt. 620988-1979, Berjarima 1, Reykjavík | 26. ágúst 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 9.15 |
| (13155 a | | |
| Marás ehf., kt. 691200-5310, Dvergshöfða 27, Reykjavík | 26. ágúst 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 9.30 |
| (13156 a | | |
| Stökk ehf., kt. 440698-2559, Tryggvagötu 22, Reykjavík | 26. ágúst 2003 | miðvikudaginn 28. janúar 2004 kl. 9.45 |
| (13157 a | | |
